

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 137/1999

frá 5. nóvember 1999

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/571/EB frá 12. október 1998 um breytingu á ákvörðun 97/20/EB um skrá um þriðju lönd sem uppfylla sambærilegu skilyrðin fyrir framleiðslu og markaðssetningu samloka (tvískelja lindýra), skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/573/EB frá 12. október 1998 um breytingu á ákvörðun 97/296/EB um skrá um þriðju lönd sem innflutningur á fiskafurðum til manndis er heimilaður frá⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/711/EB frá 24. nóvember 1998 um breytingu á ákvörðun 97/296/EB um skrá um þriðju lönd sem innflutningur á fiskafurðum til manndis er heimilaður frá⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/739/EB frá 14. desember 1998 um breytingu á ákvörðun 95/328/EB um útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir fiskafurðir frá þriðju löndum sem ekki hefur enn verið fjallað um í sérákvörðun⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/740/EB frá 14. desember 1998 um breytingu á ákvörðun 96/333/EB um útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir lifandi samlokur (tvískelja

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 42.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 49.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 337, 12.12.1998, bls. 58.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 354, 30.12.1998, bls. 64.

lindýr), skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá þriðju löndum sem ekki er fjallað um í sérákvörðun⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.

Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 142. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB) í hluta 8.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **398 D 0571:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/571/EB frá 12. október 1998 (Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 42).“

2. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 1. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/296/EB) í hluta 8.3.3 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **398 D 0573:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/573/EB frá 12. október 1998 (Stjtið. EB L 277, 14.10.1998, bls. 49),

- **398 D 0711:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/711/EB frá 24. nóvember 1998 (Stjtið. EB L 337, 12.12.1998, bls. 58).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 107. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/328/EB) í hluta 8.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **398 D 0739:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/739/EB frá 14. desember 1998 (Stjtið. EB L 354, 30.12.1998, bls. 64).“

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 354, 30.12.1998, bls. 65.

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 124. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/333/EB) í hluta 8.2 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„- **398 D 0740**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/740/EB frá 14. desember 1998 (Stjtið. EB L 354, 30.12.1998, bls. 65).“

5. gr.

Fullgiltur texti ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 98/571/EB, 98/573/EB, 98/711/EB, 98/739/EB og 98/740/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 6. nóvember 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 5. nóvember 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N.v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

